



Félagsmálaráðuneytið  
Skógarhlíð 6  
105 Reykjavík

sent á samráðsgátt

Reykjavík 15. febrúar 2021

**Efni: Umsögn um drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús, nr. 26/1994. Mál nr. 13/2021.**

Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins (hér eftir „**samtökin**“) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um breytingu á lögum um fjöleignarhús nr. 26/1994 sem birt var á samráðsgátt stjórnvalda 1. febrúar 2021. Í drögunum er lagt til að færa lögin í átt að tækniframförum í rafrænum samskiptum auk þess sem lagt er til að eigendur húsnæðis í blönduðum húsum hafi aukið svigrúm til að víkja frá ákvæðum laganna með setningu sérstakra húsfélagssamþykktá fyrir blönduð hús. Þá eru lagðar breytingar er varða ófrávíkjanleg lagaákvæði um rétt íbúðareiganda og formskilyrði ákvarðanatöku á vettvangi húsfélaga auk þess sem eigendum bílageymsla verði veitt svigrúm til að reka bílageymslur sem sjálfstæðar einingar.

Samtökin telja að aukið svigrúm við ákvarðanatöku sé nauðsynlegt í kjölfar aukinnar áherslu á blandaða byggð og telja að breytingarnar muni hafa jákvæð áhrif á byggingarmarkaði. Samtökin telja að þær breytingar sem lagt er til með að breyta með frumvarpsdrögunum séu jákvæðar og lýsa yfir stuðningi við frumvarpsdrögin.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

Heiðrún Björk Gísladóttir,

f.h. Samtaka iðnaðarins

Steinunn Pálmadóttir.